

GJALDSKRÁ FYRIR STARFSEMI FRÍSTUNDAR

Frístund fyrir börn með sérþarfir í 5. til 10. bekk við grunnskóla í Garðabæ er starfrækt í Álfthanesskóla.

Í frístund gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjaldskrá:

1- 10	klst./mán.	kr.	4.120
11-20	klst./mán.	kr.	8.240
21-30	klst./mán.	kr.	12.360
31-40	klst./mán.	kr.	16.480
41-50	klst./mán.	kr.	20.600
51-60	klst./mán.	kr.	24.720
61-70	klst./mán.	kr.	28.840
71-80	klst./mán.	kr.	32.960

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í frístundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Einstæðir foreldrar og námsmenn (ef báðir foreldrar eru í fullu námi), fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft hjá LÍN telst gilt nám.

Frá og með 1. ágúst 2023 verða afslættir til einstæðra foreldra og námsmanna tekjutengdir samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afslátta af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2023.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
1. desember 2022*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*